

FYRIRLESTUR 3
UM MENNSKU OG MENNTUN Í MARGBREYTILEGU SAMFÉLAGI

Fag og fagstétt í margbreytilegu samfélagi

Ólafur Páll Jónsson

prófessor í heimspeki á
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Reykjavík, mars 2020

1. Fagmanneskja

Líta má á fagmennsku sem svo að hún byggi á köllun og sé grundvölluð á þörfum sem samfélagið viðurkennir sem brýnar. Skilgreiningu á hugtakinu *fagmanneskja* gæti þá verið eftirfarandi:

Fagmanneskja er manneskja sem af *frjálsum vilja* gefur yfirlýst *loforð* um að þjóna einstaklingum sem óska ákveðinna *gæða* (t.d. heilsu, réttlætis, menntunar) og koma til fagmanneskjunnar með *væntingar* um að hún muni stuðla að þeim gæðum.

(Sbr. Koehn, 1994).

Ein forsenda fyrir starfi fagmanneskju eru væntingar annarra, líka einstaklinga sem ekki þekkja þá fagmanneskju sem þeir leita til, og hafa jafnvel enga möguleika á að kynnast henni. Þetta þýðir að væntingar þess sem leitar til fagmanneskju velta ekki á reynslu viðkomandi af tiltekinni fagmanneskju (þessum tiltekna lækni, presti, kennara, ...) heldur á því að fagmanneskjan tilheyrir fagstétt og nýtur trausts sem slík.

Þessi skilgreining á fagmanneskju vekur upp margvíslegar spurningar. Við getum velt því fyrir okkur hvort fagmanneskjur gangi alltaf til liðs við fagstétt af fúsum og frjálsum vilja. Hvað með lækni, sem hefur farið í gegnum námið og tekið til starfa sem slíkur, vegna þrýstings frá foreldrum? Hvað með manneskju sem hefur farið inn í kennarastarf eftir tilviljunarkenndum krókaleiðum, kannski til að byrja með vegna óvæntra forfalla einhvers? Þannig má lengi telja og dæmin geta spannað vítt svið, frá því að einhver gengur til liðs við fagstétt af óbeinni þvingun (sbr. að fylgja í fótspor foreldris) eða að einhver gerist fagmaður af tilviljun og án nokkurrar ígrundunar um að þetta sé sú stefna sem hann hyggist taka í lífinu.

2. Fagmennska og gæði

Spurningar um það hvernig fólk gengur til liðs við fagstétt, að hvaða leiti slíkt val þarf að vera frjálst, hvaða hlutverki ígrundun um eigin

stefnu í lífinu gegnir í þessu sambandi, o.s.frv. draga fram mikilsverð atriði sem varða stöðu einstaklings í samfélagi og áhrif félagsgerðarinnar á hann. Ég ætla samt að leiða svona spurningar hjá mér að sinni. Í staðinn langar mig að huga að þeim *gæðum* sem nefnd eru í skilgreiningunni. Spurningin sem ég vil spyrja er þessi:

Hvaða gæði geta verið tilefni fagmennsku?

Það mætti líka orða spurninguna svona:

Geta hvaða gæði sem er verið tilefni fagmennsku?

Verða gæðin að vera mikilsverð? Og hver metur þá hvað séu *mikilsverð* gæði? Þau gæði sem hefðbundnar fagstéttir fást við, t.d. heilsa í tilviki lækna, varða þarfir fólks. Yfirleitt er lítið svo á að til að lifa vel þurfi manneskja að vera við góða heilsu, eða það sé að minnsta kosti æskilegt eða auki líkur á að líf manneskju sé gott, að hún búi við góða heilsu. Spurningin um gæði beinir okkur því í þá átt að hugsa um *þarfir*.

Áður en ég reyni að svara spurningum hér að ofan vil ég huga aðeins að greinarmuninum á *þörfum* annars vegar og *óskum* eða *löngunum* hins vegar. Þörf varðar eitthvað sem er nauðsynlegt að tilgangi eða markmiði gefnu. Sá sem vill lifa heilbrigðu lífi hefur þörf fyrir hollan mat. Sá sem vill drepast sem fyrst úr offitu og hjartasjúkdómum hefur ekki að sama skapi þörf fyrir hollan mat. Þvert á móti hefur hann þörf fyrir óhollan mat. Óskir eða langanir skilgreinast ekki með sama hætti út frá markmiðum eða tilgangi. Ef mig langar í súkkulaði, þá nær það kannski ekki lengra. Mig einfaldlega langar í súkkulaði og það er markmiðum mínum í lífinu alveg óviðkomandi. Og ef ég óska þess að ég hafi súkkulaði við hendina, kannski vegna þess að mig langar svo óskaplega mikið í súkkulaði, þá nær það heldur ekki lengra. Ég óska þess einfaldlega vegna þess að mig langar í það. Löngun getur verið sprottin af einföldu líkamlegu ástandi, t.d. svengd, án nokkurra röklegra tengsla við markmið mín, hvorki langtímamarkmið né skammtíma-markmið.

Elstu fagstéttirnar, læknar, prestar og lögfræðingar, eru skilgreindar út frá tiltölulega vel skilgreindum gæðum, t.d. heilsu, sáluhjálp og réttlæti. Þetta þýðir ekki að gæðin séu óumdeild og enn síður að skilningur

fólks á þessum gæðum sé óbreytanlegur. Skilningur fólks á öllum þessum gæðum er í stöðugri endurskoðun. Það sem einkennir samt allar þessar fagstéttir er að það ríkir einhverskonar *samfélagsleg viðurkenning* á mikilvægi þeirra gæða sem fagstéttin skilgreinist út frá. Þetta á bæði við um það sem kalla mætti dæmigerð gæði á viðkomandi sviði, t.d. meðferð við alvarlegum sjúkdómum eða lyfjagjöf vegna sýkinga, og um mörkin sem starfið lýtur. En hvers vegna skyldi vera almennt samkomulag um mikilvægi þessara gæða? Hvers vegna ríkir samfélagsleg viðurkenning á mikilvægi þeirra? Svarið við þessum spurningum liggur í því að þessi gæði eru ekki bara eitthvað sem fólk óskar sér eða langar í heldur eitthvað sem allur þorri fólks telur sig hafa þörf fyrir.

Þótt fagstéttin reiði sig á samfélagslega viðurkenningu á þeim gæðum sem hún fæst við, þýðir það ekki að mörk fagmennskunnar séu alveg skýr – það koma jafnan upp ótal tilvik sem eru á gráu svæði. Og þetta gráa svæði er á stöðugri hreyfingu, eins og t.d. þegar geðsjúkdómar voru skilgreindir sem eiginlegir sjúkdómar, og þar með innan verk-sviðs lækna og heilbrigðiskerfis, en ekki sem glæpsamleg eða syndsamleg hegðun, sem væri viðfangsefni lögreglu og fangelsa eða trúarlegrar fordæmingar.

3. Fagmennska og fjölhyggja

Ef samfélagsleg viðurkenning er forsenda fagstéttarinnar með þessum hætti, þá má spyrja sig hvort fagstéttir geti yfirleitt verið til í samfélagi sem einkennist af fjölhyggju um gæði. Ef fólk lítur ólíkum augum hvað sé mikilvægt í lífinu, hvað sé rétt eða rangt, hefur ólíka trúarlega sannfæringu, o.s.frv. er þá kostur á almennri samfélagslegri viðurkenningu á mikilvægi tiltekinna gæða til að þau geti verið viðfangsefni fagstéttar? Hér erum við komin að því sem var viðfangsefni í fyrstu viku þessa námskeiðs, staðreyndinni um fjölhyggju og forsendur réttlætis.

Réttlætiskenning Johns Rawls er tilraun til að svara spurningunni: Hvernig er réttlæti mögulegt í samfélagi sem einkennist af fjölhyggju? Lykilatriði í svari Rawls er að líta beri á samfélagið sem samvinnuvettvang borgaranna sem varir frá einni kynslóð til annarrar. Rawls segir síðan að viðfangsefni pólitísku réttlætis – eða kenningar um pólitískt réttlæti – sé grunngerð samfélagsins. Um þetta segir hann á einum stað:

... grunngerð samfélagsins er hugsuð þannig að hún innifeli mikilvægar stofnanir bakgrunnsréttlætis svo að borgararnir eigi kost á því að njóta þeirra almennu lífsnauðsynja sem þeir þurfa til að þjálfa og þroska þá getu sem liggur svo mörgu öðru til grundvallar, og sanngjörn takifæri til að nýta þessa getu vel, að því gefnu að geta þeirra sé nálægt því sem venjulegar manneskjur búa yfir.

(Rawls, 2001, bls. 171)

Nú gætum við spurt: Ættum við að líta á fagstéttir, t.d. lækna, sem hluta af grunnstofnunum samfélagsins? Ef við hugsum um slíkar stofnanir eins og Rawls, þá virðist næsta ljóst að svo sé, þ.e. fagstétt lækna er forsenda þess „að borgararnir eigi kost á því að njóta þeirra almennu lífsnauðsynja sem þeir þurfa til að þjálfa og þroska þá getu sem liggur svo mörgu öðru til grundvallar“. Hér sjáum við líka að þótt góð heilsa sé, í vissum skilningi, einkamál hvers og eins – þ.e. varði þrátt fyrir fólks – þá er hún líka samfélagslegt viðfangsefni. Og jafnvel þótt fólk leggi ólíkan skilning í það hvað felist í góðri heilsu, þá er góð heilsa meðal þeirra „almennu lífsnauðsynja“ sem hver og einn þarf til að geta notið margra annarra gæða.

4. Hlutverk og fagstéttir

En hvað með aðrar fagstéttir? Staða fólks með fötlun breyst mikið á síðustu árum og áratugum. Eftirfarandi sjö hlutverk draga fram þá ólíku stöðu sem fatlað fólk hefur haft vegna fötlunar sinnar:

- | | | |
|-------------------|----------------|------------------|
| (1) dýr eða jurtt | (2) sjúklingur | (3) skaðvaldur |
| (4) vesalingur | (5) byrði | (6) sakleysingur |
| (7) þroskavera | | |

Um öll þessi ólíku hlutverk má spyrja hvort þau kalli á viðbrögð eða þjónustu samfélagsins, eða hvort þau tilheyri einkalífi fjölskyldunnar. Að því marki sem þessi hlutverk kalla á viðbrögð fjölskyldu en *ekki* samfélags, þá verða viðeigandi viðbrögð ekki skilgreind sem viðfangsefni fagstéttar. Staða fagstéttarinnar er í almenningsrýminu, jafnvel þótt viðfangsefni hennar sé persónulegt og bundið tilteknum einstaklingum, eins og í tilviki heilsu.

Af hlutverkunum sjö er kannski bara eitt sem segja má að sé óhjákvæmilega viðfangsefni samfélagsins, og það er hlutverk (3), skaðvaldur. Sérhvert samfélag hlýtur að skilgreina það sem mikilvægt viðfangsefni samfélagsins sem slíks að verja sig gegn skaða. Í lýðræðissamfélagi er þetta í raun eina réttlætningin fyrir valdbeitingu samfélagsins, hvort heldur út á við eða inn á við.

Hlutverk (4), byrði, hefur ekki augljósa samfélagslega þýðingu. Auðvitað getur samfélag sameinast um að létta byrðum af fólki, sérstaklega ef þær eru óvæntar eða langvarandi. Þetta er einmitt fyrirferðarmikill þáttur í velferðarkerfum Vesturlanda. En í þessu sambandi er fötlunin aukaatriði og einstaklingurinn sem er með fötlunina líka. Það sem horft er á er byrðin – þyngdin – og markmiðið er að létta þeim lífið sem byrðina ber á meðan það er aukaatriði hvað það er sem byrðinni veldur. Í þessu sambandi er athyglisvert að foreldrar á Íslandi fá greiddar barnabatur. Í orðinu virðist liggja sú merking að börn séu byrði sem rétt sé að hjálpa foreldrum með. En kannski er þetta bara óheppilegt orðalag sem á sér ekki dýpri rætur. Kannski er þetta hugsað sem eiginlegar stuðningsgreiðslur, þ.e. greiðslur sem styðja foreldra til að hlúa að börnum sínum.

Lítum næst á hlutverk (7), þroskavera. Um langt skeið hefur verið litið á það sem samfélagslegt hlutverk að koma börnum til fulls þroska. Hugmyndir manna um hvað það feli í sér að vera þroskavera hafa vitaskuld tekið breytingum og enn síður er það í föstum skorðum að hvaða leyti samfélagið skuli taka þátt í því að þoka einstaklingum – einkum börnum og ungmennum – áfram á þroskabraut sinni. Hér er í raun um tvennt að ræða. Annars vegar er það spurning um inntak hugmyndarinnar um þroska – hvað er það að þroskast? – og hins vegar er það spurning um verkaskiptingu, og þá sér í lagi hlutverkaskiptingu milli þess sem gerist á opinberum vettvangi (t.d. í stofnunum eins og skólum) og hins sem gerist á vettvangi einkalífsins, og þá sérstaklega fjölskyldunnar.

Samspil og samstarf skóla og heimilis er viðfangsefni bandaríska heimspekingsins Jane Roland Martin í bókinni *The Schoolhome* (1992). Hún leggur til að við gerum spurninguna um *síðmenningu* að útgangspunkti þegar við hugsum um skóla og menntun og að undirbyggjandi sé

spurningin um það hvernig taka megi þátt í nútíma samfélagi án þess að glata siðmenningunni. Martin byrjar fyrsta kafla bókarinnar, sem ber yfirskriftina „Skóli og heimili“, á tilvitnun í John Dewey þar sem hann segir: „Það eru grundvallaraðstæður sem hafa breyst og ekkert dugir nema jafn róttækar breytingar á sviði skólamála“ (Dewey, 2010, bls. 184). Tilvitnunin er tekin úr fyrsta kafla bókarinnar *Skóli og samfélag* (*The School and Society*) sem ber yfirskriftina „Skólinn og félagslegar framfarir“ sem kom út árið 1899. Í henni leggur Dewey ríka og sumpart róttæka áherslu á samfélagslegt hlutverk skólans og segir m.a.:

Það sem bestu og vitrustu foreldrar vilja barni sínu til handa hlýtur samfélagið að vilja fyrir öll börn. Hvaða hugsjón önnur sem vera skal fyrir skóla okkar er þröngsýn og ógeðfæld.

(Dewey, 2010, bls. 181).

Martin vísar til Deweys til að gefa tóninn fyrir kaflann, en laglínan sjálf er sorgleg, nefnilega lýsing á kjörum barna sem búa við ömurleg kjör í sárrí fátækt, nánast utan við siðmenninguna. Það sem staðsetur þessi börn utan við siðmenninguna og gerir kjör þeirra jafn ömurleg og raun ber vitni er sú staðreynd að þau eiga sér ekkert heimili. Það húsaskjól sem þau geta leitað í er svo gersneytt umhyggju, öryggi, ást og hlýju að það getur ekki kallast heimili, allra síst heimili fyrir börn. En einmitt þegar Martin hefur lýst kjörum þessara barna minnir hún lesandann á að skóli og heimili eru samverkamenn í menntun barna.

Á svipaðan hátt og eiginmaðurinn reidir sig á vinnu húsmóðurinnar um leið og hann og menning hans gerir ekkert úr þeirri sömu vinnu, þá reidir skólinn og samfélagið sig á viðvarandi framlag heimilisins til þroska barnsins um leið og það framlag nýtur engrar almennrar viðurkenningar.

(Martin, 1992, bls 6)

Við upphaf tuttugustu aldarinnar benti Dewey á að í kjölfar iðnbyltingarinnar hefði orðið veigamikil breyting á heimilum fólks. Áður var heimilið vettvangur margvíslegra iðna og iðju en með iðnbyltingunni og þeirri verkaskiptingu sem hún hafði í för með sér fluttist iðnaðurinn út af heimilinu og inn á vinnustaði. Það sem áður tilheyrði einkaveröld

heimilisins var nú unnið á opinberum vettvangi vinnumarkaðarins. Sú breyting sem Martin er umhugað um við lok tuttugustu aldarinnar er ekki þessi flutningur handverks frá heimili til vinnumarkaðar heldur sú breyting að foreldrarnir sjálfir hafa flutt út af heimilinu (Martin, 1992, bls. 7). Seinni breytingin er vissulega afleiðing af þeirri fyrri – foreldrarnir elta vinnuna – en hún er á sína vísu mun afdrifaríkari frá sjónarhóli menntunar.

Dewey vildi bregðast við fyrri breytingunni með því að gefa verklegum greinum miðlega stöðu í skólastarfinu. Slíkt viðbragð dugir ekki við þeirri breytingu sem Martin bendir á; ekki dugi að innleiða nýjar námsleiðir eða breyta skipulagi námsgreinanna heldur þurfi skólinn að taka yfir hlutverk heimilisins að hluta til. Skólinn geti þó ekki gert þetta með því að innleiða tiltekin verkefni sem áður voru unnin á heimilum heldur með því að verða sá siðferðilegi, félagslegi og persónulegi samastaður í tilverunni sem heimilið er – eða ætti að vera.

Sjónarmið Martin hefur afgerandi afleiðingar fyrir skilning okkar á fagstétt kennara. Martin bendir okkur m.a. á að ef við gefum okkur að börn séu þroskaverur þá hafi samfélagslegar breytingar valdið því að verksvið kennara sem fagstéttar hefur stækkað. Viðeigandi fagsvið í dag nær yfir hluti sem áður voru á forræði heimilisins. Þarfir barna hafa ekki breyst, en möguleikarnir á að mæta þessum þörfum á vettvangi einkalífsins hafa minnkað verulega.

5. Fagsvið og skóli án aðgreiningar

Jane Roland Martin færir rök fyrir því að skólinn þurfi að taka yfir svið sem heimilið sá um áður og að skólinn geti ekki gert það nema með því að taka á sig að hluta til eiginleika heimilisins. Þetta er umdeilanleg hugmynd og hjá Martin er hún samofin annarri hugmynd, sem ekki er síður umdeilanleg og raunar umdeild, nefnilega þeirri að skólinn gegni lykilhlutverki í því viðhalda siðmenningunni, þ.e. að byggja upp réttlátt og lýðræðislegt samfélag án útilokunar. Hér erum við í raun komin að hugmyndinni um skóla án aðgreiningar.

Skóli án aðgreiningar felur í sér útvíkkun á hlutverki skólans eins og hann þróaðist fram undir sjöunda og áttunda áratuginn (Loftur Guttormsson, 2008). Að þessu leyti var þróunin á Íslandi í ágætu samræmi

við það sem gerðist í ýmsum nágrannalöndum. Gjarnan er litið svo á að skólastefnan skóli án aðgreiningar feli í sér útvíkkun á fagsviði kennara og þar með nýjar skyldur sem fagstéttin tekur á sig. Sjónarhornið er þá, ef svo má segja, innan úr skólanum og gjarnan frá kennurunum sjálfum. Þetta er eðlilegt þar sem stefnan skóli án aðgreiningar reynir mjög á hæfni og úrræði kennara. Spurningin hér verður þá gjarnan: Um hvaða gæði snýst kennarastarfið?

En það má líka líta öðruvísi á málið. Við getum spurt: Hvaða gæði eru það sem samfélagið hefur falið fagstétt kennara að rækta eða standa vörð um? Hér er spurningin ekki beinlínis um starf kennarans heldur um tiltekin gæði almennt. Það mætti t.d. spyrja hvort gæðin séu svo mikilvæg að þau verðskuldi yfirleitt að vera viðfangsefni fagstéttar, og líka um það hvort hugsanlega hefði átt að fela einhverjum öðrum að standa vörð um þessi gæði.

Spurningunni um hvaða gæði yfirvöld hafa falið skólum og kennurum að standa vörð um með því að taka upp stefnuna skóli án aðgreiningar mætti svara með tvennum hætti. Annars vegar mætti skoða hvaða raunverulegu og yfirlýstu ástæður lágu því til grundvallar á sínum tíma að skólastefnan var tekin upp. Hins vegar mætti velta því fyrir sér hvert inntak stefnunnar er og spyrja sig hvert mikilvægi hennar sé frá samfélagslegu sjónarhorni og hvar og hvernig skólarnir koma inn í þessa mynd.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um seinni leiðina. Um fyrri leiðina má lesa ýmislegt í ritverkinu *Almenningsfræðsla á Íslandi* (Loftur Guttormsson, 2008). Inntak stefnunnar skóli án aðgreiningar varðar lýðræði og réttlæti (sbr. Ólafur Páll Jónsson, 2011, kafli 7). En spyrjum okkur nú: Hvers vegna er lýðræði og réttlæti viðfangsefni skóla? Mörgum virðist einmitt að skólinn eigi að snúast um menntun eða fræðslu en ekki um jafn almenna samfélagslega hluti eins og lýðræði og réttlæti. Gott og vel. Ein leið til að rökstyðja mikilvægi skólans fyrir lýðræði er að benda á að í skólanum kynnist börn ekki bara námsgreinum heldur móti þau sjálfsmýnd sína, sjálfsvirðingu, læri að starfa saman í hóp o.s.frv. Snertifletirnir við lýðræði virðast fjölmargir, ekki síst ef maður leggur svipaðan skilning í lýðræðishugtakið og John Dewey gerði (sbr. Atli Harðarson, 2016, Guðmundur Heiðar Frímansson, 2019; Ólafur

Páll Jónsson, 2011, kafli 1; Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson 2010). En snertifletirnir eru fleiri og jafnvel nánari.

Sé litið á börn sem þroskaverur og skóla sem stofnanir sem hafa það hlutverk að efla og stuðla að fullum og þroska hvers barns, þá hlýtur skólinn að hafa mikilvægu *réttlætisblutverki* að gegna. Allavega ef við skiljum réttlæti í grófum dráttum eins og John Rawls, Martha Nussbaum eða Amartya Sen. Þroski einstaklings felur í sér bæði siðferðisþroska og það sem kalla mætti pólitískan þroska og því hlýtur skólinn, sem mikilvægasti vettvangur samfélagsins til að stuðla að þroska, að hafa bæði siðferðið og hið pólitíska líf sem viðfangsefni. Í grunnskólalögum sem sett voru árið 1974 má raunar sjá þessari hugmynd stað, en í þeim var berum orðum sagt að markmið grunnskólans væri að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi. Og í samfélagi réttlætis sem stendur gegn hvers kyns mismunun, þá ætti þessi vettvangur að standa öllum manneskjum til boða sem á annað borð eru þroskaverur.

6. Menntan sem viðfangsefni fagstéttar

Þegar við segjum að samfélag einkennist af réttlæti eða stefni að réttlæti, þá vaknar spurning um hvað átt sé við með hugtakiinu *réttlæti*. Þetta var viðfangsefni okkar fyrr í námskeiðinu. Við lásum m.a. kafla eftir Mörthu Nussbaum þar sem hún segir:

Getukenningin er pólitísk kenning um grundvallaratriði sem fólk hefur tilkall til, ekki allsherjar siðferðileg kenning. Hún reynir ekki einu sinni að vera altæk pólitísk kenning, þar sem hún einfaldlega tilgreinir nokkur nauðsynleg skilyrði fyrir sómasamlega réttlátt þjóðfélag í formi tiltekinnna grundvallaratriða sem allir borgarar eiga tilkall til. Misbrestur á að tryggja borgurunum þessi atriði felur í sér sérlega gróft brot á réttlæti, þar sem þessi atriði sem borgararnir eiga tilkall til eru innifalín í sjálfri hugmyndinni um mannlega reisn og lífi sem er samboðið mannlegri reisn.

(Nussbaum, *Frontiers of Justice*, bls. 155)

Kenning Nussbaum um grundvallaratriði réttláts samfélags, það sem hún kallar *capability approach* og við getum kallað *getukenninguna um réttlæti*, gerir ráð fyrir að réttlátt samfélag tryggi öllum tiltekna lágmarksgetu

á ýmsum sviðum. Hugmyndir Nussbaum eru mjög svípaðar hugmyndum Amartya Sen, enda hafa þau að segja má þróað getukenninguna um réttlæti í sameiningu. Um réttlæti og fötlun segir Sen m.a.:

Mikilvægi fötlunar fyrir skilning á skorti í heiminum er oft vanmetið, og þetta kann að vera ein af mikilvægustu ástæðunum fyrir því að veita getusjónarhorninu athygli. Fólk með líkamlega eða andlega fötlun er ekki einungis meðal þeirra sem búa við mestan skort, oft er það einnig meðal þeirra sem eru hvað mest afskiptir.

(Sen, 2009, bls. 258)

Sen segir hér að fötlun hafi tvennskonar mikilvægi þegar kemur að réttlæti. Annars vegar er fólk með fötlun meðal þeirra sem búa við mestan skort, og hins vegar er fólk með fötlun meðal þess sem hvað helst er vanrækt. En af hverju? Þær skerðingar sem fólk með fötlun býr við eru oft af því tagi að það á erfitt með að leita réttar síns, það á erfitt með að stíga fram á hinn almenna vettvang, hvað þá hinn pólitíska vettvang. Margt hið sama má raunar segja um innflytjendur sem ekki hafa fullt vald á því tungumáli sem talað er á dvalarstaðnum. Af þessu leiðir að það reynist auðvelt að veita því ekki athygli, að hlusta ekki á það og, þegar það lætur í sér heyra, að leiða rödd þess hjá sér (sbr. *Fötlun og menning: Íslandssagan í öðru ljósi*). Ég geri ráð fyrir að þetta sé tiltölulega óumdeilt. En nú má spyrja: Hvers konar yfirsjón er þetta af hálfu samfélagsins? Og líka: Hvernig ætti samfélagið að bregðast við?

Fyrri spurningunni má í grunninn svara með tvennum hætti. Annars vegar má telja yfirsjónina til marks um að samfélagið veiti hinum fötluðu ekki næga hjálp, þ.e. sinni þörfum þeirra ekki nógu vel. Hins vegar má líta svo á – og það er þannig sem Nussbaum og Sen líta á málið – að yfirsjónin feli í sér alvarlega skerðingu á réttlæti. Nussbaum orðar þetta svona í tilvitnuninni að ofan: „Misbrestur á að tryggja borgurunum þessi atriði felur í sér sérlega gróft brot á réttlæti, þar sem þessi atriði, sem borgararnir eiga tilkall til, eru innifalin í sjálfri hugmyndinni um mannlega reisn og lífi sem er samboðið mannlegri reisn.“

Samfélag sem vill gera réttlæti að veruleika þarf, samkvæmt því sem Nussbaum segir, að tryggja fólki tiltekna getu. Skólarnir eru mikilvægar

stofnanir til að gera þetta að veruleika, en þeir sjá ekki um allt. Og þegar kemur að fólki með verulegar skerðingar, þá nær þörfin fyrir stuðning langt út fyrir það sem skóli sinnir, því stuðningurinn þarf að ná inn á heimili, jafnvel 24 tíma á sólarhring. Ef samfélagið vill vera sómasamlega réttlátt, þá verður það að sjá til þess að viðeigandi stuðningur sé fyrir hendi. Og ekki bara það, það verður líka að sjá til þess að stuðningurinn komist til skila, því það kann vel að vera að þeir sem þurfa á stuðningnum að halda geti ekki átt frumkvæði að því að sækja hann (ólíkt því þegar fólk verður lasið og leitar til læknis).

Hér má því velta því fyrir sér hvort sé rúm fyrir fagstétt sem hefði manneskjuna sem þroskaveru að viðfangsefni. Kennari hefur manneskjuna sem þroskaveru að viðfangsefni en þegar í hlut á manneskja sem býr við verulegar skerðingar þá krefst það, að líta á manneskjuna sem þroskaveru, þess að hún njóti stuðnings við þroskaferlið sem nær langt út fyrir skóla. Einkalíf manneskjunnar getur jafnvel komið inn á viðfangsefni fagstéttarinnar. Hlutverk fagmanneskjunnar er samt ekki að taka þátt í einkalífi skjólstæðingsins, heldur að styðja hann í að lifa einkalífi, taka þátt í lífi samfélagsins, o.s.frv. (sbr. hugmyndir um notendastýrða persónulega aðstoð, NPA).

7. Stuðningur eða ráðríki og óþarfa hjálpsami

Margar fagstéttir veita þjónustu. Við tölum um þjónustu lækna, presta, lögfræðinga og fleiri. Um starf annarra fagstétta er orðið þjónusta síður notað, t.d. um starf kennara. En hvað með t.d. starf þroskaþjálfara? Þegar við veltum því fyrir okkur hvort sú þjónusta sem fólk nýtur sé viðeigandi, hvort sem um er að ræða börn, gamalt fólk, fatlað fólk eða bara hverja sem er, þá er mikilvægt að huga að því við hvað er stutt og hvort verið sé að ráðskast með fólk. Hér dugir ekki að þjónustan sé veitt af manngæsku og góðum hug, því oft eru ráðin tekin af fólki einmitt af gæsku og góðum hug.

Þær spurningar sem vakna þegar við hugum að þessum tveimur atriðum – við hvað þjónustan styður og hvort í henni felist ráðríki – gera ráð fyrir því að geta fólks til að gera margvíslega hluti, bæði hversdagslega og fágæta, skipti máli fyrir sjálfræði þess og að sjálfræðið skipti svo aftur máli fyrir það hvort líf viðkomandi samrýmist mann-

legri reisu. Þessi hugmynd um mannlega reisu felur í sér gildishlaðna hugmynd um að sumt líf sé betra en annað. En hvers konar líf er gott líf? Eftir hverskonar lífi höfum við ástæðu til að sækjast? Hvað einkennir það líf sem manneskja hefur ástæðu til að telja gott líf?

Eitt af grundvallaratriðum góðs lífs er sjálfsvirðing. Líf án sjálfsvirðingar er naumast hægt að kalla gott líf. Vilhjálmur Árnason lýsir hugmyndum Johns Rawls um mikilvægi sjálfsvirðingar m.a. með eftirfarandi orðum:

Meginhlutverk fjölskyldunnar, að mati Rawls, er að tryggja börnum forsendur sjálfsvirðingar (self-respect) sem hann telur mikilvægasta frumgæðanna.

(Vilhjálmur Árnason, 2008, bls. 302)

Samkvæmt þessu felst mikilvægi fjölskyldunnar, sem stofnunar í réttlátu samfélagi, m.a. í því að hlúa að og tryggja forsendur sjálfsvirðingar. En þá má einmitt spyrja sig hvaða afleiðingar það hefur sem Jane Roland Martin benti á, nefnilega að fjölskyldan sé ekki lengur sá aðili að uppeldi og menntun barna, og þar með vermireitur sjálfsvirðingar, sem hún var áður fyrir.

Sjálfsvirðing er ekki frístandandi eiginleiki, heldur veltur hún á margvíslegri getu fólks og tækifærum til að láta reyna á hana. Hér skiptir m.a. máli að fólk hafi getu til að móta sér hugmynd um hvað sé gott líf og hafi sanngjörn tækifæri til að setja sér markmið í samræmi við slíka hugmynd. Það er líka mikilvægt að geta fólks til að vinna að slíkum markmiðum sé viðurkennd og að það fái að reyna sig sjálft með viðeigandi stuðningi við margvísleg verkefni sem ólík markmið þess kalla á.

Ráðríki og óþarfa hjálpsemi grafa undan hinu góða lífi, hvort á sinn hátt. Óþarfa hjálpsemi vanvirðir getu fólks til að spreyta sig á þeim verkefnum sem lífið færir þeim. Ráðríki vanvirðir getu fólks til að setja sér eigin markmið og hún lítilsvirðir dómgreind fólks um hvað sé æskilegt og hvað ekki. Það er gegn óþarfa hjálpsemi sem lítill börn brjótast þegar þau segja „ég get sjálf“. Og kannski geta þau ekki leyst það sem þau eru að glíma við, en geta barnsins birtist ekki bara í þeim árangri sem það kann að ná í glímunni við tiltekið vandamál, hún birtist ekki síður í því að barnið er fært um að reyna sig við verkefnið. Og amman, sem orðin er utan við sig og völt á fótunum, andæfir óþarfa hjálpsemi

og ráðríki þegar hún fer á bak við allar dætur sínar á adventunni og tekur leigubíl í búðina til að kaupa inn fyrir jólabaksturinn. Svo laumast hún til að baka og kippir sér ekkert upp við það þótt sumt brenni í ofninum á meðan hún gleymir sér yfir útvarpssögunni. Hún veit sem er, að ef hún hefði orð á því að hún hygðist baka nokkrar smákökur fyrir jólin, þá myndu allar dætur hennar koma í heimsókn og baka fyrir hana smákökur, sort eftir sort, og ekkert myndi brenna við. En markmið gömlu konunnar var ekki að eiga smákökur – þær hefði hún eins getað keypt tilbúnar – markmiðið var að baka, að fá að stússast í eldhúsinu. Auðvitað hefðu dæturnar bakað kökur fyrir gömlu konuna af elskusemi og góðum hug, en slíkt hefði í senn verið óþarfa hjálpsemi og ráðríki.

Dæmið af gömlu konunni er umhugsunarvert. Hjálpsémin, sem er vel meint, kann að skerða getu hennar til að gera tiltekna hluti, nefnilega að baka. En slík hjálpsemi skerðir líka aðra getu, sem hefur ekkert sérstaklega með bakstur að gera heldur er mun almennari og mikilvægari. Þetta er getan til að setja sér markmið. Hjálpin við jólabaksturinn verður að ráðríki – og jafnvel hreinu ofríki – vegna þess að hjálpsemin horfir framhjá getu ömmunnar til að setja sér sín eigin markmið. Hér birtist atriði sem er mikilvægt að hafa í huga þegar fjallað er um aðstoð, ekki síst ef sá sem aðstoðarinnar nýtur býr við verulegar skerðingar: skerðing á einu sviði getur valdið skerðingu á öðrum og óskyldum sviðum.

Sú tilhneiging að skert geta á einu sviði skerði getu á öðrum og oft óskyldum sviðum er sérstaklega afdrifarík þegar í hlut á fatlað fólk. Hvers vegna skyldi heyrnarleysi skerða getu fólks til að stunda nám? Hvers vegna skyldi skert námsgeta skerða getu fólks til að taka þátt í trúarlífi? Hvers vegna skyldi skert hreyfigeta skerða getu fólks til að taka þátt í opinberu lífi? Skerðingar af þessu tagi koma ekki í veg fyrir að fólk geti lifað lífi sem er samrýmanlegt mannlegri reisn. En raunin er oft sú að verulega er vegið að sjálfræði fólks sem býr við skerta getu á einhverju sviði vegna félagslegra þátta. Og þessi raun – að félagslegir þættir skerði getu fólks til að lifa innihaldsríku lífi – er einmitt það sem Embla Guðrún og Freyja beina sjónum sínum að þegar þær fjalla um ableisma. Þetta er líka það sem Martha Nussbaum hefur í huga þegar hún segir að hömlun sé ekki til staðar óháð mannlegum athöfnum (Nussbaum, 2004, bls. 304).

Heimildir

- Atli Harðarson. (2016). Lýðræði og menntun: Hugleiðingar um aldargamla bók. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*.
- Dewey, John. (2010). Sannfæring mín um menntun. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *Dewey í hugsun og verki: Menntun, reynsla og lýðræði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðmundur Heiðar Frímansson. (2019). *Skólar og lýðræði: Um borgaramenntun*. Reykjavík: Háskólinn á Akureyri og Háskólaútgáfan.
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir. (2013). *Fötlan og menning: Íslandssagan í öðru ljósi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kohen, Daryl. (1994). *Grounds for professional ethics*. London: Routledge.
- Lofur Guttormsson (ritstjóri). (2008). *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Kennaraháskóli Íslands.
- Martin, Jane Roland. (1992). *The schoolhome*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Nussbaum, Martha C. (2004). *Hiding from humanity*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Nussbaum, Martha C. (2006). *Frontiers of justice*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Ólafur Páll Jónsson. (2011). *Lýðræði, réttlæti og menntun: Hugleiðingar um skilyrði mennskunnar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rawls, John. (2001). *Justice as fairness*. Cambridge MA.: Harvard University Press.
- Sen, Amartya. (2009). *The idea of justice*. Cambridge MA. Harvard University Press.
- Sigurður Kristinsson. (2013). Að verðskulda traust: Um siðferðilegan grunn fagmennsku og starf kennara. Í Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímansson (ritstjórar), *Fagmennska í skólastarfi*. Reykjavík: Háskólinn á Akureyri og Háskólaútgáfan.
- Vilhjálmur Árnason. (2008). *Farsælt líf, réttlátt samfélag*. Reykjavík: Heimskringla.